



528. fundur Þingvallanefndar

6. maí 2026 kl. 11:30-13:00

Vatnskoti fimmtu hæð

Smiðja

Mætt: Sigurður Helgi Pálmason formaður, Ása Berglind Hjálmarsdóttir, Jón Gnarr og Sigurður Ingi Jóhannsson.

Fundur settur

1. Erindi frá Elínu Hirst vegna sýnatöku úr beinum Jónasar Hallgrímssonar

Lagt fram erindi frá Elínu Hirst og Jónasar Hallgrímssonar hópi sem skipa; Elín Hirst, fjölmiðlakona, Páll Valsson ævisöguritari Jónasar Hallgrímssonar, Kári Stefánsson taugalæknir, Kristján Valur Ingólfsson fyrrverandi vígslubiskup, Agnar Helgason líffræðilegur mannfræðingur, Lárus Jónsson og Halldór Hilmisson kvikmyndaframleiðendur hjá Republik, með beiðni um DNA sýnatöku af beinaleifum Jónasar Hallgrímssonar í þjóðargrafreitnum á Þingvöllum í tengslum við kvikmyndagerð sem kynnt var á síðasta fundi nefndarinnar. Í erindinu er óskað eftir því að þjóðgarðsvörður fyrir hönd Þingvallanefndar láti opna gröfina þannig að hægt sé að komast að beinunum og taka sýni. Þjóðgarðsvörður kynnir álit á lagalegri stöðu slíkrar beiðnar. Þingvallanefnd er ekki heimilt að veita slíka heimild nema að fyrir liggji dómsúrskurður og geti þá tekið afstöðu til slíkrar umsóknar. Þjóðgarðsverði falið að kynna niðurstöðuna fyrir Elínu Hirst.

2. Miðfellsland - Gjöf eignarhlutar til þjóðgarðsins á Þingvöllum

Tekið fyrir bréf frá erfingjum Valdimars Jónssonar frá Miðfelli um að gefa þjóðgarðinum hlut erfingja í landi Miðfells í Þingvallasveit sem eru þrjú eignarhlutar upp á samtals tæp 15% af landareigninni. Lóðinni fylgja vatns- og veiðiréttindi.

Þingvallanefnd þakkar fyrir höfðinglega gjöf og erindi og felur þjóðgarðsverði að vinna áfram að málinu með forsætisráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

Önnur mál

Þjóðgarðsvörður ræddi um síendurtekna vasapjófnaði á Þingvöllum og fór yfir verklag og viðbrögð starfsmanna þjóðgarðsins og gott samstarf við lögreglu.